

Stjórnarfundur STEFs 23. október 2025 / Fundargerð - útdráttur

Stjórnarfundur var haldinn miðvikdaginn 23. október 2025 að Laufásvegi 40 kl. 10:00.

Fundarmenn: Páll Ragnar Pálsson, Hallur Ingólfsson, Hildur Kristín Stefánsdóttir, Magnús Jóhann Ragnarsson og Halldór Smárason. Sóley Stefánsdóttir boðaði forföll og mætti varamaður hennar, Hrafnkell Pálmason. Auk þeirra sat fundinn Guðrún Björk Bjarnadóttir, framkvæmdastjóri.

Gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð stjórnarfundar frá 25. ágúst svo og útdráttur úr fundargerð lagt fram og samþykkt.
2. Lit yfir starfsemina frá síðasta stjórnarfundum til 23. október lagt fram.

Lögð voru fram eftirfarandi skjöl undir þessum lið:

- Bréf STEFs til Reykjavíkurborgar vegna Tónlistarþróunarmiðstöðvar.
- Áskorun til ráðherra vegna stöðu Tónlistarmiðstöðvar.
- Fréttatilkynning um að STEF hefji samstarf við ICE dags 18. september 2025.
- Tilkynning STEFs til erlendra samtaka vegna ICE.
- Samkomulag um uppgjör við Símann v. SVOD fyrir árin 2022-2024.
- Endurrit úr gerðarbók sýslumanns, lögbann á Símann v. lokunar á tiltekin vefssvæði.
- Svar frá sýslumanni vegna niðurlagningar sjóðs.
- Reglur og flokkar ÍSTÓN.

Undir þessum lið var rætt um þá ákvörðun SÝNar að hætta fjármögnun *Tónskáldasjóðar Bylgjunnar og Stöðvar 2*. Lýsir stjórn miklum vonbrigðum með þessa ákvörðun. Var það rætt, hvort STEF gæti fundið aðra samstarfsaðila til að setja á fót sambærilegan sjóð.

Þá var rætt um mikla ásókn í *Upptökusjóð* og þá stefnu sem stjórn sjóðsins hefur tekið að veita fremur fleiri og lægri styrki, en færri og hærri styrki. Ýmsir kostir eru við núverandi fyrirkomulag, eins og að fá fleiri meðlimi STEFs, sérstaklega nýliða á viðburð á Laufásvegi, þá hvatningu sem styrkur, jafnvel þótt lágur sé, hefur í för með sér og aukna snertingu samtakanna við meðlimi sína.

3. Framlag STEFs til Tónlistarmiðstöðvar.

Þann 23. september sl. var haldinn fundur með ráðherra og honum afhent áskorun hagaðila um að tryggja fjármögnun miðstöðvarinnar. Á fundinum lögðu aðilar mikla áherslu á mikilvægi starfsemi miðstöðvarinnar og töldu að ef niðurskurðaráform myndu ganga eftir, þá væri ljóst að starfsemi miðstöðvarinnar yrði ekki svipur hjá sjón. Á fundinum lagði ráðherra áherslu á að framlög frá greininni til miðstöðvarinnar yrðu að aukast miðað við það sem nú er, á móti framlagi ráðuneytisins. Í ljós kom reyndar, að þær tölur sem ráðuneytið studdist við voru ekki alveg réttar. Stjórn STEFs telur að réttlætánlegt sé að auka

framlag STEFs til miðstöðvarinnar tímabundið (fyrir næsta ár), en að því loknu eigi að vera búið að tryggja betur fjármögnun hennar til framtíðar og er í því sambandi sérstaklega horft til menningarskatts á streymisveitur í tónlist, á svipaðan hátt og verið er að vinna með streymisveitur myndefnis. Hefur ráðherra tjáð sig opinberlega um slík áform. Framlag STEFs til miðstöðvarinnar fyrir árið 2026 verða því kr. 5 milljónir.

4. Framlag til Stórverkasjóðs

Samþykkt var að auka framlag til sjóðsins á ári um kr. 300.000, þannig að sjóðurinn hefði yfir að ráða fjármunum til að greiða nefndarlaun án þess að skerða úthlutun.

5. Forleggjarar og STEF, umræður.

Rætt var um fund sem STEF átti með samtökum norrænna forleggjara fyrr í mánuðinum.

6. Breytingar á verðskrá tónleika vegna „samsettra viðburða“ o.fl.

Lögð var fram tillaga að breytingu verðskrár frá skrifstofu STEFs.

Færst hefur í aukana að hótél selji hótélgistingu og mat ásamt tónleikum, sem þá fara fram á hótelinu. Í slíkum tilvikum þarf að meta hversu mikils virði tónleikarnir eru miðað við heildarpakkann sem seldur er. Nauðsynlegt er að STEF hafi skýrari reglur varðandi verðlagningu í þessum tilvikum.

Lögð var fram tillaga að verðskrá, þar sem gert er ráð fyrir að almennt sé miðað við að virði tónleika sé kr. 7.000 af heildarverðinu og að fjárhæð þessi breytist árlega í takti við vísitölu. Þessi fjárhæð verði síðan margfölduð með fjölda leyfilegra gesta í sal hótelsins í reikningi STEFs, nema upplýsingar berist um annan fjölda. Af þessu verði síðan greitt höfundaréttargjald 4,24%, eins og almennt á við um minni tónleika.

Var þetta samþykkt af stjórn.

Þá var rætt um verklagsreglu varðandi fjölda boðsmiða á tónleika, svo og verklagsreglu varðandi annarskonar samsetta viðburði. Þá var kynnt hugmynd að nýrri uppbyggingu verðskrár fyrir veitingastaði, þannig að í boði verði áskriftarpakkar með mismunandi innihaldi og er hugsunin sú að undirbúa STEF betur fyrir væntanlega samkeppni frá gervigreindartónlist og tónlistarbönkum.

7. Boð um að taka þátt í Norrænni könnun um streymismarkað.

Stjórn leist vel á að taka þátt í könnuninni, en kostnaðurinn er nokkuð hár. Rætt var um hvort hægt væri að fá hann lækkaðan og/eða að fá fleiri aðila til að taka þátt í kostnaðinum.

8. Heiðursmerki STEFs

Rætt var um næstu heiðursmerkishafa STEFs.

9. Starfsmannamál

Farið var yfir hugsanlegar mannabreytingar á skrifstofu STEFs.

10. Undirbúningur fyrir stefnumótunarfund stjórnar STEFs

Lögð fram drög að skipulagningu fundarins.

11. Beiðni um styrk frá MMF Iceland (sem er samfélag umboðsmanna á Íslandi).

Samþykkt var að veita umbeðinn styrk.

12. Önnur mál

Rétt er að geta þess, að í upphafi fundar fóru fundarmenn um húsakynni STEFs og skoðuðu skemmdir vegna rúðubrota. Að kvöldi 22. október tilkynnti lögregla framkvæmdastjóra að nágrannar hefðu séð menn brjóta rúður á Laufásvegi 40. Hafði blómapotti verið kastað inn um stóru gluggann á framhlið hússins og var gólfíð þakið glerbrotum og mold. Þá hafði verið reynt að brjóta rúðu á fundarherbergi efri hæðar, en einungis hafði tekist að brjóta ytri rúðuna, sú innri er heil. Ekki er vitað hverjir voru að verki eða hver ástæðan kann að vera. Var glugganum lokað til bráðabirgða sama kvöld með spónaplötum af neyðarþjónustu sem greitt var af tryggingarfélagi STEFs.

Ekki voru fleiri mál fram borin.

Fundi var slitið kl. 13:15.